



Reykjavík 4. júlí 2024

Breyting á deiliskipulagi fyrir Bólstaðarhlíð 38 og 38a.

Umsögn skipulagsfulltrúa við athugasemdir eftir auglýsingu.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 30. maí 2024 var lögð fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi Bólstaðarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 38 og 38A við Bólstaðarhlíð.

Í breytingunni felst í að sameina lóðir Bólstaðarhlíðar nr. 38 og 38A ásamt stækkunar á aðalbyggingarreit ásamt aukins byggingarmagns vegna færanlegra kennslustofa.

Með vísan til 2. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2010 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna: Húseigendum að Skaftahlíð 42 og Bólstaðahlíð 36. Kynning hófs þann 4. júní 2024 og stóð til 3. júlí 2024.

Tvær athugasemdir bárust á kynningartímanum, ein frá Sif Ægisdóttur og varðar hverju þetta muni breyta fyrir íbúa Bólstaðarhlíðar 36 og Skaftahlíðar 42 og hversvegna sameinaða lóðin fengi heimilisfangið Stakkahlíð 38.

Hin athugasemdin barst frá Veitum og varðar hitavatnslögn á lóðinni.

Fyrirspurn Sifjar Ægisdóttur, barst 4.júní 2024.

Hverju mun þessi breyting á deiliskipulagi breyta fyrir Bólstaðarhlíð 36 og Skaftahlíð 42? Og af hverju mun sameinaða lóðin verða kölluð Stakkahlíð þar sem hún liggur ekki við Stakkahlíð?

Kveðja, Sif Ægisdóttir

Svar:

Um óverulega breytingu er að ræða. Hefur ekki áhrif á umferð þar sem Bólstaðarhlíð er nú þegar lokuð við mörk Stakkaborgar og innkeyrsla á lóð Stakkaborgar er austan við Bólstaðarhlíð. Skuggavarp á fyrirhuguðum breytingum hefur ekki áhrif á lóðir Bólstaðarhlíðar 36 og Skaftahlíðar 42.

Heimilisfang sameinuðu lóðanna á með réttu að vera Bólstaðarhlíð 38. Um villu er að ræða á auglýstum deiliskipulagsupprætti.

Athugasemd Veitna, barst 28.júní 2024.

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og vilja koma á framfæri að stofnlögn hitaveitu liggur innan lóðamarka við/undir nýjum byggingarreit. Lögnin sem um ræðir er frá árinu 1960 og því komin á endurnýjunartíma. Veitur telja það öryggismál að lögnin sé ekki inná lóð leikskólans



Reykjavík

heldur að hún verði færð út fyrir lóðarmörk. Lögnin þjónustar allt nærumhverfi og aðliggjandi hverfi og því er mikilvægt lögninni sé haldið í rekstri yfir vetrartímann og færð þegar minna álag er á hitaveituna.

Svar:

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds hjá umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hafa verið í samstarfi við Veitur varðandi lagnir á lóðinni og halda því samstarfi áfram.

Niðurstöður skipulagsfulltrúa:

Í greinargerð á deiliskipulagsupprætti verður heimilisfang sameinuðu lóðanna leiðrétt. Þeim athugasemdum er bærust frá Veitum verður komið á framfæri til hlutaðeigandi aðila.